

Netfundur Landsbyggðin lifi 12. janúar 2023, kl. 20:30

Á línunni voru: Björgvin, Stefanía, Guðrún, Sigríður, Vigfús, Þórdís. Helga og Ómar.

Björgvin setur fund og verður fundarstjóri. Talar um að leggja áherslu á fundarstjórn og að dagskrá sé undirbúin fyrir fram. Við gætum skipst á um fundarstjórn. Mikilvægt að halda okkur við dagskrána og formlegur fundur ætti ekki að vera lengri en í klukkutíma. Heimild fyrir áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum gæti stuðlað að endurnýjun.

Verkefni sem við erum að taka þátt í – ættum að setja okkur markmið með þeim. Gera okkur grein fyrir væntingum og reyna að meta árangurinn eftir á. Ég er ekki nógu vel inni í öllum verkefnum – erfitt með enskuna, þyrfti að vera meira á íslensku um verkefnin. Gott væri að fá smá greinargerð eftir utanlandsferðir – væntingar og árangur.

Stefanía: Gott að lesa fundargerð síðast fundar í upphafi fundar. Samantektir eru í fundargerðunum. Væri ekki, Björgvin, að taka útdrátt úr fundargerðinni?

Stefanía segist hafa verið að glíma við lasleika – ekkert gerst í verkefni sem er í boði. Sleppum því þá, ef enginn er á móti.

Guðrún: Megum ekki taka ekki að okkur meira en við ráðum við.

Sigríður um áheyrnarfulltrúa. Við í stjórninni fórum út að borða og Hildur Þórðardóttir var með okkur og hefur verið að vinna fyrir okkur. Hefur áhuga á að kynnst okkur betur.

Samþykkt að áhugasamir geta verið áheyrnarfulltrúar á stjórnarfundum.

Við greiddum styrk til Lettlands í verkefni þar og kláraði að greiða allan ferðakostnað í lok árs segir Sigríður. Stefanía er búin að fara mikið úr vinnu vegna starfa fyrir LBL og fékk 100 þús. frá félaginu. Til er samþykkt um að greiða fyrir kostnað. Þessar greiðslur samþykktar samhljóða.

Vigfús þýddi fréttabréf frá samfélagsverkefninu. Hann beðinn að tala við Bjarna Haraldsson um að hann geti komið inn á stjórnarfundum sem áheyrnarfulltrúi.

Rifjað upp að samtökin voru stofnuð 2001, þurfum að halda upp á 25 afmæli þegar þar að kemur.

Rætt um fund norrænu samtakanna, Hele Norden ska leva, 25. 26. apríl í vor í Helsinki. Við þurfum að ákveða hverjir fara. Hvað með Bjarna Haraldsson? Vigfús talar við hann um hvort hann gæti farið á þennan fund í Finnlandi. Á

Þinginu í Póllandi náði Bjarni góðum tengslum við ungu mennina þarna ytra, sem voru að taka við forystu í samtökunum. Flókið fyrir Guðrúnu að fara – er í Evrópu dagana á undan – skoðar málið. Ef Bjarni kemst ekki þá þyrftu báðar systurnar að fara. Norræna samstarfið grundvallaratriði fyrir okkur. Bjarni náði að snúa ungu mönnunum ytra um mikilvægi þessa samstarfs.

Stefanía: Verið er að skoða mögulegt verkefni sem tengist námskeiði þeirra Stefaníu og Guðrúnar á Spáni um notkun hreyfimynda (animation, kvikun). Þar var sérstaklega verið að huga að kynningu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Höfðu aftur samband við konu, Völu, hjá skrifstofu SP á Íslandi. Spurning um námskeið á Íslandi um heimsmarkmið SP og að nota hreyfimyndir (fyrir kennara sem eru að vinna fyrir skóla SP hérlendis) til að ná til barna og ungmenna um þetta mál. Spánverjarnir að skoða þetta, ekki fjárhagsleg eða önnur skuldbinding fyrir okkur.

Björgvin: Gott væri að heyra meira um þetta. Því svara að Guðrún hafi verið að setja um þetta á vefinn.

Sigríður: Ég fékk um daginn erindi frá skattinum. Ég þarf að gera grein fyrir peningum okkar, öflun þeirra og eyðslu. Guðrún hjálpar okkur með þetta.

Björgvin: Kópaskersverkefnið. Hvað er það? Stefanía: Fiðrildaverkefni er það kallað og snýst um minningar kvenna í dreifbýli og áhrif þeirra. Stjórnað frá N-Spáni. Einn fundur var á Kópaskeri í nóvember.

Björgvin: Getum við sett eitthvað af þessum minningum á vefinn? Stefanía: Já, þegar þetta er tilbúið.

Stefanía: Verkefnið „Af stað aftur og aftur“. Bjarni er líklega of upptekinn við að vinna til að geta koma því að netið. Vantar ramma fyrir það. Þarf að samræma það við Norðurlöndin. Ræða við Ásdísi hjá Norræna félaginu um þetta á þriðjudaginn.

Björgvin segir að þau hafi átt góða stund á Nauthól fyrir jólin.

Bent á að senda á Björgvin það sem fólk vill láta taka fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 22.30

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði